

Trúnaðareiður stjórnarmanns Sameykis

Ég undirrituð/að/aður heiti því hér með að gæta fyllsta trúnaðar um allar þær trúnaðarupplýsingar sem ég verð áskynja í starfi mínu eða vegna starfs míns hjá Sameyki – stéttarfélagi í almannapjónustu (eftirleiðis Sameyki), hvort sem það er fyrir tilviljun eða ekki. Ég staðfesti að mér er skylt að gæta þagnarmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í starfi mínu hjá Sameyki, og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan nær til allra upplýsinga sem leynt skulu fara og varða Sameyki á einn eða annan hátt, svo sem upplýsingar um fjárhagsleg málefni, innanhússmál, starfsfólk félagsins, félagsfólk, viðskiptavinum, starfsfólk viðskiptavina og aðra einstaklinga á vegum þeirra.

Þá heiti ég því að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu komist ekki til vitundar óviðkomandi við meðferð og varðveislu þeirra. Ber mér að meðhöndla allar persónuupplýsingar sem ég hef aðgang að af fyllsta trúnaði skv. ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ég skuldbind mig til að afhenda ekki, í hvaða formi sem er, trúnaðarupplýsingar, til aðila, félagsfólks, einstaklinga, fyrirtækis, félaga eða stofnananna og til að nýta mér ekki trúnaðarupplýsingar í neinum tilgangi.

Ég er meðvituð/að/aður um að í starfi mínu hjá Sameyki get ég haft aðgang að gögnum sem varða fjárhagsleg eða persónuleg málefni viðskiptavina, starfsmanna, félagsfólks Sameykis og Sameykis sjálf sem ég er bundin/ð/nn trúnaði um. Ég geri mér grein fyrir því að mér er ekki heimilt að kynna mér fjárhagsleg eða persónuleg gögn eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem falla utan verksviðs míns. Enn fremur er ég meðvituð/að/aður um að ekki er heimilt að skrá sig inn í hugbúnaðarkerfi sem annar notandi eða fylgjast með vinnslu annars starfsmanns á skjá án hans samþykkis, né að lesa tölvupóst eða önnur gögn annarra starfsmanna, nema með leyfi viðkomandi starfsmanns eða sérstakri heimild svo sem dómsúrskurði.

Ég heiti því að virða þagnarskyldu- og trúnaðaryfirlýsingu þessa og undirritaðri/uðu/uðum er kunnugt um öll ofangreind atriði og heitir því að hlíta þeim í einu og öllu. Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi hjá Sameyki. Mér er jafnframt kunnugt um að brot gegn þagnarskyldu – og trúnaðarskyldu geta sætt áminningu, brottrekstri úr starfi, málshöfðun af hálfu vinnuveitanda og refsingu samkvæmt 48. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, eða eftir atvikum, ákvæðum annarra laga.

Ég hef lesið þennan trúnaðareid og samþykki hann.

Reykjavík, [dagsetning]